

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 120/1999

frá 24. september 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/98 frá 30. apríl 1998⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum⁽²⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 frá 16. apríl 1999 um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 812/1999 frá 19. apríl 1999 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1102/89 um sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum⁽⁴⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 45. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1102/89) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **399 R 0812:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 812/1999 frá 19. apríl 1999 (Stjtið. EB L 103, 20.4.1999, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 310, 19.11.1998, bls. 19 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 19.11.1998, bls. 244.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 103, 20.4.1999, bls. 5.

2. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við 45. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89) í XIII. viðauka við samninginn:

- „45a. **399 R 0718**: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1).
- 45b. **399 R 0805**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 frá 16. apríl 1999 um sérstakar ráðstaðanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. EB L 102, 17.4.1999, bls. 64).“

3. gr.

Fyrirverandi liður 45a (tilskipun ráðsins 96/75/EB) í XIII. viðauka við samninginn verði liður 45c.

4. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 718/1999, reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 805/1999 og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 812/1999 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

5. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

6. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

N. v. Liechtenstein

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner